

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2014

2014/EES/71/39

frá 27. júní 2014

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 fellur úr gildi, frá og með 1. júlí 2014, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 ⁽²⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 1. júlí 2014.
- 3) XV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Texti liðar 1j (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008) í XV. viðauka við EES-samninginn hljóði svo frá og með 1. júlí 2014:

„**32014 R 0651**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 615/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtið. ESB L 187, 26.6.2014, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað hugtaksins „1. mgr. 107. gr. sáttmálans“ komi „1. mgr. 61. gr. EES-samningsins“,
- b) Í stað hugtaksins „107. og 108. gr. sáttmálans“ komi „61. og 62. gr. EES-samningsins“,
- c) Í stað hugtaksins „3. mgr. 107. gr. sáttmálans“ komi „3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“,
- d) Í stað hugtaksins „stafl. a) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans“ komi „stafl. a) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“,
- e) Í stað hugtaksins „stafl. c) í 3. mgr. 107. gr. sáttmálans“ komi „stafl. c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins“,
- f) Í stað hugtaksins „3. mgr. 108. gr. sáttmálans“ komi, að því er varðar EFTA-rikin, „3. mgr. 1. gr. I hluta bókonar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“,
- g) Í stað hugtaksins „samrýmanlegur innri markaðnum“ komi „samrýmanlegur framkvæmd EES-samningsins“,
- h) Í stað hugtaksins „aðildarríki“ komi „aðildarríki ESB eða EFTA-ríki“.
- i) Í stað hugtaksins „framkvæmdastjórn“ komi „lögbær eftirlitsstofnun í skilningi 62. gr. EES-samningsins“,
- j) Í stað hugtaksins „I. viðauki við sáttmálann“ komi „talinn upp í viðbætinum við þennan viðauka og fellur undir gildissvið EES-samningsins“,
- k) Í stað hugtaksins „skrár Sambandsins“ komi „skrár á yfirráðasvæðum sem falla undir EES-samninginn“,
- l) Í stað hugtaksins „fjárframlög Sambandsins“ komi „fjárframlög Sambandsins eða EES“,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 187, 26.6.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 214, 9.8.2008, bls. 3.

- m) Í stað hugtaksins „lög Sambandsins“ komi „EES-samningurinn“,
- n) Þó að vísað sé til löggjafar Sambandsins þýðir það ekki að EFTA-ríkjunum sé skylt að hlíta ákvæðum þeirrar löggjafar hafi hún ekki verið felld inn í samninginn.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 651/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. júní 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. júní 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.